


## Afstöðumynd
1:500

## Greinargerð

Skútahraun 11
Landnúmer 122244
Staðgreinir 1400-01-78100110
Flatarmál lóðar er 2471,9 m²
Rýmisnúmer 0102 og 0103
Stærð 642 m², 5.277 m³
Gólfkóti +28,80. Mænir er í kóta +37,85. Vegghæð er 7,75 m.
Stærð er óbreytt.
Nýjustu samþykktir uppdrættir eru frá 1983.

Sótt er um leyfi til endurinnréttingar í samræmi við lýsingu hér að neðan.

### Almenn lýsing
Byggingin er hönnuð af Guðm. Þóri Pálssyni árið 1983. Hún er ein hæð. Gólfpla er steinsteypt. Burðarvirki er strengjasteypa og forsteyptar einingar með einangrun. Þak er uppstólað timburþak með járnplötu klæðningu og undir því s.k. rifjaplötur sem hvíla á strengjasteupu sperrum.
Húsið er í notkunarflokki 1.
Lítið samræmi er á milli uppdrátta á upplýsingavef Hafnarfjarðarbæjar og sjálfrar byggingarinnar.

### Algild hönnun
Byggingin er hönnuð á gildistíma eldri byggingarreglugerðar. Í samræmi við töluliði 1.2.1 og 6.1.3 í byggingarreglugerð ber að hanna húshlutan á grundvelli algildrar hönnunar eins og hún er sett fram í 6.1.2 gr. Þetta er gert varðandi það svæði sem almenningur hefur aðgengi að og tillit er tekið til allra þeirra hópa sem upp eru taldir í 6.1.2 gr. byggingarreglugerðar.
Aðgengi allra er tryggt að afgreiðslu og rýmingarleiðir eru greiðfærar og hæðarmunur á gólfi og gangstétt utan við aðalinngang er óverulegur. Á því svæði sem aðgengilegt almenningi er ekki snyrtiaðstaða.
Starfsaðstaða og vinnuferli bjóða því miður ekki upp á að kröfur algildrar hönnunar verði uppfylltar gagnvart starfsmönnum.
Ekki er talið mögulegt að starfsmaður í hjólastól geti sinnt störfum á verksmiðjugólfi.
6.1.5 gr. byggingarreglugerðar heimilar undantekningu frá kröfum algildrar hönnunar og með hliðsjón af framansögðu er sótt um leyfi til þess að nýta þetta ákvæði.

### Bílastæði
Á lóðinni eru 20 bílastæði þ.e. ~eitt stæði fyrir hverja 30 m².

### Fyrirhugaðar breytingar
Öll núverandi innrétting og herbergjaskipan er rifin og endurinnrétta í samræmi við uppdrátt þennan. Útlitsbreytingar á húsinu eru óverulegar: Á tveimur stöðum er settur viðbótar póstur í glugga auk þess að sýnilegur loftræsibúnaður skv. lýsingu hér að neðan bætist við. Tvö skilti eru sett á norður gafl og austurhlið byggingarinnar, þá er byggt skýli utan við inngang viðskiptavina.
Ekki eru gerðar breytingar á eignarmörkum og skýlið við innganginn (0103) er opið og reiknast ekki með í flatarmáli

### Frágangur
Allar klæðningar eru í flokki I.
Innveggir úr 2x2, 13 mm gifsplötum eða krossviðarplötu í stað innra gipslagsins, á stálstoðum.
Gólfefni eru með viðeigandi hálkuviðnámi og í flokki A1 eða A2-s2-d1.

### Eldvarnir
Aðkoma slökkviliðs er frá Skútahrauni, göngustíg og akstursleiðum kringum húsið.
Útljós (ÚT) og neyðarlýsing (NL) í samræmi við grunnmynd.
Ríming er um útihurðir.
Brunaslöngur (BS) eru 3/4"x25 m og staðsettar í samræmi við grunnmynd.
Handslökkvitæki í samræmi við grunnmynd og fleiri skv. ábendingum slökkviliðs ef þurfa þykir.
Brunaviðvörunarkerfi er samtengt þjófavarnakerfi.

### Loftræsing
Í húsnæðinu er vélrænt útsogskerfi.
Útsogstokkar frá starfsmannarýmum og afgreiðslu liggja að veggblásara á norður gafli. Útsogstokkur og loftinntak fyrir hleðsluberbergi liggja að veggrist á vesturhlið. Fyrir vinnslusali er útiloftinntak á austurhlið og útsogsblásari sem kastar lofti um þakventil sem fyrir er. Í hergergi fyrir glerskúffu er lofti hringsólað í gernum ryksíu til þess að safna upp loftbornum glersalla.

### Inntök
Orkuveitu inntök eru við línu 19 á milli E og F. Þessi inntök þjóna öllu húsinu, líka rými nr. 0101. Á þessu stigi hefur ekki verið útkljáð hvort þetta verður óbreytt eða gerð ný inntök fyrir 0101. Okkur er ljóst að verði inntök óbreytt hvílir á kvöð um aðgang meðeiganda að þeim.

### Pípulagnir
Starfmannarými er hitað er með ofnum. Aðrir húshlutar eru hitaðir með blásurum.
Nýjar fráveitulagnir í grunni tengjast núverandi grunnlögnum. Megnið af vatns og hitalögnum er lagt sýnilegt.

### Skýringar
BS Brunaslanga
EV Eldhúsvaskur
GNx *Gólfniðurfall*
HLx Handlaug
HS Handslökkvitæki
LR Loftræsing
NL Neyðarlýsing
RV Ræstivaskur
SS Spúlslanga
ST Sturta
SV Skolvaskur
VS Vatnssalerni
UÞ Uppþvottavél
ÚT Útljós
ÞV Þvottavél

Samþykkt þann
16. jan. 2019
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
16.1.2019

14.01.2019
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS bs.

| BREYTING | FJÖLDI | BREYTT | DAGSETNING | UNDIRSKRIFT |
|---|---|---|---|---|
| | | | | |
| | | | | |
| | | | | |
| | | | | |

| | |
|---|---|
| VERKHEITI: **Skútahraun 11** Hafnarfirði | **Endurvinnslan** Aðaluppdráttur Afstöðumynd Greinargerð og skýringar |
| **Rafn Guðmundsson** tfr 310845-7019 Bárugata 30 A, 101 Reykjavík Sími: 692 28 65 Netfang: rafng@centrum.is | Skali 1:500 |

| DAGSETNING | UNDIRSKRIFT | TEIKNING NR.: | BREYT. |
|---|---|---|---|
| 07.01.19 | Rafn Guðmundsson | A-01 | |